

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2016, 6. apríl, var haldinn 96. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Kerhólum á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 11:05. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Eva Einarasdóttir (Æ), Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D) og Sabine Leskopf (S). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Arnaldur Sigurðarson (P); Andrea Sigurjónsdóttir, starfsfólk í leikskólum; Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Birgitta Bára Hassenstein, foreldrar barna í grunnskólum; Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjórar í grunnskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjórar í leikskólum; Rósa Ingvarsdóttir, kennarar í grunnskólum og Sveinn Sigurður Kjartansson, foreldrar barna í leikskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Elísabet Helga Pálmadóttir, Eygló Traustadóttir, Hrund Logadóttir, Kristján Gunnarsson og Soffía Pálsdóttir. Fundarritari var Guðrún Sigtryggisdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. mars 2016, um reglur um innritun og útskrift nemenda í Klettaskóla. Jafnframt lögð fram drög að reglum um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla, núgildandi reglur um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla og minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. janúar 2016, um reglurnar. Ennfremur lagðar fram umsagnir skólaráðs Klettaskóla og foreldrafélags Klettaskóla, dags. 2. febrúar 2016, varðandi reglur um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla. SFS2016010028

Samþykkt og vísað til borgarráðs að reglur um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla taki gildi 15. maí 2016 með fyrirvara um staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um innritun og útskrift nemenda í Klettaskóla frá 25. janúar 2013.

2. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 2. mars 2016, um reglur um innritun og útskrift nemenda í Brúarskóla. Jafnframt lögð fram drög að reglum um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla, núgildandi reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla og minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. janúar 2016, um reglurnar. Ennfremur lögð fram umsögn skólaráðs Brúarskóla, dags. 14. janúar 2016, varðandi reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla. SFS2016010028

Samþykkt og vísað til borgarráðs að reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla taki gildi 15. maí 2016 með fyrirvara um staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um innritun og útskrift nemenda í Brúarskóla frá 1. nóvember 2013.

3. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 31. mars 2016, um reglur um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Jafnframt lögð fram drög að reglum um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar, núgildandi reglur um innritun í sérskóla og sérhæfðar sérdeildir og minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. janúar 2016, um reglurnar. Ennfremur lagðar fram umsagnir foreldrafélags Fellaskóla, dags. 3. febrúar 2016 og skólaráðs Fellaskóla, dags. 23. febrúar 2016, foreldrafélags Foldaskóla, dags. 11. mars 2016 og skólaráðs Foldaskóla, dags. 8. febrúar 2016, foreldrafélags Háaleitisskóla, dags. 18. mars 2016 og skólaráðs Háaleitisskóla, dags. 22. febrúar 2016, foreldrafélags Langholtsskóla, dags. 30. mars 2016 og skólaráðs Langholtsskóla, dags. 22. febrúar 2016 og foreldrafélags Vogaskóla, dags. 1. febrúar 2016 og skólaráðs Vogaskóla, dags. 22. febrúar 2016, um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar. SFS2016010028

Samþykkt og vísað til borgarráðs að reglur um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar taki gildi 15. maí 2016 með fyrirvara um

staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um innritun í sérskóla og sérhæfðar sérdeildir frá 3. mars 2005.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Reglur um innritun og útskrift nemenda í einhverfudeildir grunnskólanna eru til bóta. Pláss fyrir nemendur með þessa greiningu eru hins vegar alltof fá og úr því þarf að bæta sem fyrst.

4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 31. mars 2016, varðandi grunnskólagöngu reykvískra nemenda í sjálfstætt reknum grunnskólum utan lögheimilissveitarfélags. Jafnframt lögð fram umsögn skóla- og frístundasviðs um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, dags. 8. mars 2016. Jafnframt lagt fram á fundinum minnisblað sviðsstjóra, dags. 4. apríl 2016. SFS2016040020

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Með vísan til minnisblaða sviðsstjóra, dags. 31. mars 2016 og 6. apríl 2016, er sviðsstjóra falið að tilkynna sjálfstætt reknum grunnskólum utan Reykjavíkur um að nú standi yfir skoðun og undirbúningur að takmörkunum á fjölda reykvískra nemenda í sjálfstætt reknum grunnskólum utan Reykjavíkur.

Samþykkt með fimm atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsóknar og flugvallarvina. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja æskilegt að grunnskólanemendur í Reykjavík hafi val um hvaða skóla þeir sækja, óháð rekstrarformi skóla eða sveitarfélagamörkum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Sveitarfélög hafa eftirlitsskyldu varðandi með hvaða hætti innleiðing aðalnámskrár er í grunnskólum viðkomandi sveitarfélags og mun það einnig ná til sjálfstætt starfandi grunnskóla innan sveitarfélagsins. Framsókn og flugvallarvinir leggja áherslu á mikilvægi þess að nám í sjálfstætt reknum grunnskólum búi nemendur sína það vel undir áframhaldandi menntunarmöguleika eins og framhaldsskóla að þeir eigi jafnmikla möguleika á vali um framhaldsskóla og jafnaldrar þeirra sem koma úr almennum grunnskólum. Framsókn og flugvallarvinir vilja einnig vekja athygli á þeim möguleika að á næstu mánuðum og ári megi búast við talsverðri fjölgun erlendra barna hér á landi í tengslum við vaxandi fjölda erlendra starfsmanna í Reykjavík. Með það í huga er mikilvægt að huga að möguleika á stækkun alþjóðlegra deilda við alþjóðaskóla í Reykjavík með stuttum fyrirvara.

5. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. apríl 2016, varðandi umsókn Landakotsskóla um rekstrarleyfi vegna 5 ára leikskóladeildar. Jafnframt lögð fram umsókn Landakotsskóla um rekstrarleyfi leikskóla og samrekstur leik- og grunnskóla, dags. 24. nóvember 2015. Jafnframt lögð fram drög að rekstrarleyfi fyrir leikskóladeild 5 ára barna við Landakotsskóla. SFS2014040209

Rekstrarleyfi fyrir Landakotsskóla samþykkt, með þeim fyrirvara um að leyfi til samrekstrar verði samþykkt.

6. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. mars 2016, varðandi samrekstur leikskóla og grunnskóla í Landakotsskóla. SFS2014040209

Samrekstur 5 ára leikskóladeildar og grunnskóla í Landakotsskóla samþykktur og vísað til borgarráðs.

7. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 31. mars 2016, varðandi samning um greiðslu framlags vegna reykvískra barna í fimm ára leikskóladeild Landakotsskóla. Jafnframt lögð fram drög að samningi um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskólans Landakotsskóla ásamt reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu og yfirlit yfir rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið sem gildir frá 1. janúar 2016. SFS2016040021

Samþykkt og vísað til borgarráðs að fallið verði frá greiðslum til Landakotsskóla vegna fimm ára reykvískra barna sem fram hafa farið á grundvelli samþykktar borgarráðs frá 28. apríl 2005. Jafnframt samþykkt og vísað til borgarráðs drögum að samningi um framlag til Landakotsskóla vegna fimm ára barna í leikskóladeild skólans. Samningurinn taki gildi 1. ágúst 2016 og frá sama tíma er fallið frá greiðslum skv. samþykkt borgarráðs frá 28. apríl 2005.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins samþykkja fyrirbyggjandi samning í trausti þess að Landakotsskóli geti áfram þróast með eðlilegum hætti og vaxið í samræmi við spurn eftir þjónustu hans.

8. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 10. febrúar 2016:

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum leggur til að SFS fari í viðræður við Mentor um að gera einfaldar endurbætur á aðstandendaspjaldi nemenda og foreldra, í samráði við SAMFOK og Móðurmál. Það er einkum tvennt sem við teljum brýnt að bæta. Annars vegar að útbúið verði sérstakt hak á aðstandendaspjöldum, bannig að t.d. skólaritari geti í upphafi árs hakað við hverjir sitja í skólaráði, eru í stjórn annars vegar foreldrafélags eða nemendafélags, hverjir eru bekkjar- eða árgangafulltrúar. Þetta litla praktíska mál, myndi auðvelda svo verkin að halda utan um þetta. Hins vegar að það verði mögulegt að haka við móðurmál nemenda (hægt að skrá 2-3), tungumál töluð á heimili og hvernig það hentar foreldrum best að taka á móti upplýsingum frá skóla (tölvupóstur, SMS, o.s.fr.v.).

Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. mars 2016, um tillögu áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum um upplýsingakerfi grunnskóla. SFS2016020093

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að óska eftir því við skólastjóra að ávallt liggi fyrir uppfærðar upplýsingar um þá sem sitja í skólaráði, eru í stjórn foreldrafélags eða nemendafélags eða eru bekkjar- eða árgangafulltrúar á vef skólans og vinna áfram að því að skrá tungumál á heimili í upplýsingakerfi skólanna í samráði við foreldra.

Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum í skóla- og frístundaráði leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi foreldra í grunnskólum telur mikilvægt að Reykjavíkurborg stuðli að umbótum á upplýsinga- og námskerfi grunnskólanna og telur að þessar ofangreindar tillögur hefðu verið framfaraskref og til þess fallnar að tryggja betri skráningu móðurmála

og fulltrúa skólasamfélagsins. Áheyrnarfulltrúi fagnar engu síður málsmeðferðartillögu ráðsins sem góðri áminningu til skólastjóra grunnskólanna.

9. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 9. mars 2016:

Framsókn og flugvallarvinir leggja til að skóla- og frístundasvið skoði nú þegar með hvaða hætti unnt verði að opna aðstöðu fyrir ungmennahús fyrir aldurinn 16 - 25 ára strax á næsta skólaári 2016 - 2017 í tilraunaskyni í a.m.k. tveimur hverfum borgarinnar til viðbótar því starfi sem nú er í gangi og í nánú samstarfi við Ungmennaráð Reykjavíkur.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð vísar tillögu Framsóknar og flugvallarvina sem lögð var fram á fundi skóla- og frístundaráðs, 9. mars 2016, um ungmennahús fyrir 16-25 ára til stýrihóps um frístundapjónustu og félagsstarf.

Samþykkt.

SFS2016030105

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Á undanförunum árum hafa fulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítrekað lagt fram tillögur um að komið verði á fót ungmennahúsi í Reykjavík að norrænni fyrirmynd. Slíkt hús yrði ætlað ungmennum 16 ára og eldri þar sem þau gætu sinnt tómstundum og afbrevingu í vímuefnalausum umhverfi. Áhersla yrði lögð á að virkja hugmyndir og frumkvæði ungmennanna sjálfra við stefnumótun í starfi hússins og við rekstur þess. Óskað er eftir því að umræddar tillögur verði hafðar til hliðsjónar við þá vinnu við stefnumótun í frítímapjónustu, sem nú á sér stað hjá Reykjavíkurborg.

10. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. apríl 2016, varðandi Skólaselið í Keilufelli. SFS2016020154

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Á fundi skóla- og frístundaráðs 10. febrúar 2016 lögðu Framsókn og flugvallarvinir til að komið yrði til móts við starfsmannaeklu Skólaselsins að Keilufelli 5 þó ekki væri nema tímabundið fram til vors eða þangað til að aðstæður leyfa að fjölga þar starfsfólki til framtíðar. Megin tilgangur tillögunnar var að tryggja mætti að börn á biðlista fengju nauðsynlega þjónustu fyrir lok kennsluársins. Framsókn og flugvallarvinir fagna því þeirri ákvörðun að fjölgað verði um eitt stöðugildi við Skólaselið út skólaárið til að hægt verði að ljúka áður nefndum biðlistum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fagna því að veitt hafi verið heimild til að ráða í viðbótarstöðugildi í Skólaselinu í Keilufelli tímabundið, úr þremur starfsmönnum í fjóra, út núverandi skólaár til að bregðast við löngum biðlista. Við minnum á að tillaga Sjálfstæðisflokksins um málið frá 10. febrúar sl. kvað á um að sú viðbót yrði ekki tímabundin heldur varanleg og er sú afstaða hér með ítrekuð enda ljóst að ekki mun draga úr þörf fyrir þjónustu selsins á komandi skólaári. Einnig er minnt á að fjölga þarf bílastæðum við húsið og koma þar fyrir skýli fyrir reiðhjól.

11. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. apríl 2016, varðandi sameiningu frístundamiðstöðvanna Kamps og Frostaskjól. SFS2016030079

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir því að ekki verði gripið til beinna uppsagna við fækkun starfsmanna vegna sameiningar frístundamiðstöðvanna Kamps og Frostaskjólsheldur verði sú leið farin að ná fyrirhugaðri fækkun í samræmi við starfsmannaveltu hjá frístundamiðstöðvum borgarinnar.

12. Lögð fram stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2016. Guðrún Hjartardóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2015020035
13. Lagðar fram til kynningar upplýsingar varðandi ráðningu skólastjóra við Melaskóla.
 - a) Greinargerð skóla- og frístundasviðs, dags. 4. apríl 2016, vegna ráðningar í stöðu skólastjóra við Melaskóla, trúnaðarmál.
 - b) Yfirlit yfir umsækjendur um stöðu skólastjóra við Melaskóla, trúnaðarmál.
 - c) Auglýsingar um stöðu skólastjóra við Melaskóla.
 - d) Viðmið vegna ráðninga skólastjóra leikskóla og grunnskóla.

Tólf umsóknir bárust um stöðuna og var Björgvin Þór Þórhallsson ráðinn skólastjóri Melaskóla frá og með 1. maí 2016, eða eftir samkomulagi. SFS2016030165

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum skólastjóra, Björgvini Þór Þórhallssyni, til hamingju með starfið og óskar honum velfarnaðar. Ráðið þakkar fráfarandi skólastjóra fyrir vel unnin störf í þágu Melaskóla.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Á fundi skóla- og frístundaráðs 10. febrúar sl. óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins eftir því að við ráðningu nýs skólastjóra Melaskóla yrði foreldrafélagi skólans gefinn kostur á samráði um málið. Í ráðningarferlinu yrði félagið upplýst um umsækjendur og því gert kleift að koma umsögnum á framfæri við skóla- og frístundasvið vegna hennar. Fulltrúum Sjálfstæðisflokksins þykir leitt að ekki hafi verið orðið við þessari ósk. Óskir til nýs skólastjóra um velfarnað í starfi eru ítrekaðar.

14. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 29. mars 2016, um mat á samstarfssamningi skóla- og frístundasviðs og Útilífsmiðstöðvar skáta á Úlfljótsvatni. Jafnframt lögð fram skýrsla stýrihóps um framkvæmd samstarfssamnings skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur og Útilífsmiðstöðvar skáta, dags. 9. desember 2015. Ennfremur lögð fram verkáætlun vegna samstarfssamnings Reykjavíkurborgar og Útilífsmiðstöðvar skáta Úlfljótsvatni, minnisblað um skólaferðir á Úlfljótsvatn, bæklingur og veggspjald um skólabúðirnar á Úlfljótsvatni. SFS2014080080
- Kl. 14:23 vikur Helgi Grímsson af fundinum.
15. Lagt fram yfirlit yfir erindisbréf starfshópa skóla- og frístundasviðs í febrúar og mars 2016, dags. 30. mars 2016. Jafnframt lögð fram erindisbréf starfshóps um endurskoðun úthlutunarlíkans tónlistarskóla í Reykjavík og erindisbréf starfshóps um eftirfylgd með umbótum í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi í kjölfar niðurstaðna ytra mats. SFS2015100017
16. Lagt fram bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 19. febrúar 2016, um niðurstöður úttektar á leikskólanum Hömrum í Reykjavík ásamt skýrslunni *Ytra mat leikskóla – Hamrar Reykjavík*. SFS2016020194

17. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 16. mars 2016, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar skólaog flugvallarvina, frá 91. fundi skóla- og frístundaráðs, um fjölda starfsmanna á skóla- og frístundasviði. Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri skóla- og frístundasviðs, kynnti og svaraði fyrirspurnum. SFS2016010076
18. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 16. mars 2016, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, frá 94. fundi skóla- og frístundaráðs, um fyrirkomulag forfallakennslu. SFS2016020179
19. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að ganga til viðræðna við Nýja skólakerfið, sem undirbýr stofnun tækniskóla á unglingastigi, um tiltæka kosti í því skyni að skólinn fái aðstöðu til starfsemi sinnar í húsnaði á vegum Reykjavíkurborgar.

Frestað.

SFS2016040035

20. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um kostnað við aðkeypta vinnu vegna ráðgjafar og sérverkefna á skrifstofu skóla- og frístundasviðs undanfarin fjögur ár.

SFS2016040036

21. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Að undanfögnu hafa borist fregnir að því að nokkrir leikskólar hafi þurft að grípa til þess ráðs að senda börn heim áður en fullum leikskóladegi er lokið vegna manneklu til að unnt væri að tryggja öryggi þeirra barna sem þá verða eftir í leikskólanum. Þetta ástand er með öllu óásættanlegt og þarf að finna á því farsæla lausn til að hægt sé að tryggja öllum þeim börnum sem eru skráð með umönnun í leikskólanum fullan leikskóladag. Á sama tíma hefur komið fram að umræddar aðstæður væru ekki í beinum tengslum við niðurskurð og fjárhagslega hagræðingu sem nú stendur yfir í leikskólum borgarinnar. Hvernig er hægt að rökstyðja að svo sé ekki? Framsókn og flugvallarvinir óska eftir upplýsingum um hvort og þá með hvaða hætti skóla- og frístundasvið mun leitast við að tryggja að ekki muni þurfa að senda börnin fyrr heim líkt og fram hefur komið í fréttum fjölmiðla og í viðtölum við leikskólastjóra að undanfögnu.

SFS2016040037

Fundi slitið kl. 14:52

Skúli Helgason

Eva Einarasdóttir
Kjartan Magnússon
Marta Guðjónsdóttir

Jóna Björg Sætran
Líf Magneudóttir
Sabine Leskopf